



Reykjavík 23. apríl 2021

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum, mál nr. 698.

Hinn 15. apríl sl. barst Samtökum ferðaþjónustunnar – SAF beiðni um umsögn um tillögu um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (greiðsludreifing staðgreiðslu og tryggingagjalds, úttekt séreignarsparnaðar). Frumvarpið hefur verið yfirfarið á vettvangi SAF og vilja samtökin koma nokkrum athugasemdum og ábendingum á framfæri.

### Nauðsynleg lagabreyting

Frumvarpið er lagt fram til að mæta efnahagslegum áhrifum kórónuveirufaraldursins og fagna samtökin ráðgerðum áformum. Löggjafinn hefur á sl. ári frestað ýmsum gjöldum með nokkrum lagabreytingum. Er farið yfir það í kaflanum "tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar" í greinargerðinni með fyrirliggjandi frumvarpi. Tilefnið er vegna þess að í upphafi heimsfaraldursins voru aðgerðir miðaðar við V-laga efnahagslega áhrif. Reyndin er því miður sú að faraldurinn hefur dregist á langinn og eru efnahagsleg áhrif því meira U-laga. Með því eykst þörfin til að lengja í þeim úrræðum sem gripið hefur verið til á sl. ári. Samtökin telja mikilvægt að viðhalda stuðningsúrræðum á meðan faraldurinn er enn til staðar. Nú þegar það sér mögulega fyrir endann á faraldrinum fer þörfin að minnka en þangað til er lagabreyting eins og þessi nauðsynleg enda er mikilvægt fyrir atvinnurekendur, sem eiga í rekstrarvanda vegna Covid-19, að eiga þess kost að dreifa og seinka fjárútlátum enn frekar.

### Framhald frekari úrræði

Í frumvarpinu kemur fram að framhald á fleiri úrræðum séu til skoðunar. SAF vilja leggja áherslu á að úrræði stjórnvalda sem hafa hingað til verið sett vegna heimsfaraaldursins á að framlengja, nema um sé að ræða einskíptis aðgerð líkt og stuðningsgreiðslur á uppsagnafresti. SAF vilja benda löggjafanum á úrræði sem hægt er að framlengja og betrumbæta.

### Atvinnurekendur með starfsmenn á hlutabótaleið

Sum úrræði stjórnvalda þurfa að eiga betri samleið. Gott dæmi um hvaða úrræði stjórnvalda gætu fallið betur saman eru úrræði stjórnvalda um hlutabætur, stuðning við að greiða uppsagnarfrest og úrræði stjórnvalda um ráðningarstyrk. Margir atvinnurekendur eru með

hluta starfsfólks á hlutabótaleið og þegar eftirspurn eykst er þörf á auknum starfskrafti áður en velta fer að skila sér. Til að fá ráðningastyrk þarf starfsmaður á hlutabótaleið að fá uppsögn og fara á atvinnuleysissskrá í a.m.k. einn mánuð. Því mun sá starfskraftur ekki nýtast sem skyldi í væntanlegri viðspyrnu. Samtökin leggja til að stjórnvöld styðji við atvinnurekendur með því að heimila að starfsmenn á hlutabótaleið geti farið beint á ráðningastyrk í stað þess að það eigi aðeins við um aðila sem eru á atvinnuleysissskrá.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, reading "Jóhannes Þór Skúlason". The signature is written in a cursive, flowing style.

*Jóhannes Þór Skúlason*

*framkvæmdastjóri*